

Fundargerð gærdagsins

Mætt, María, Rósa, Sigurveig, Valbjörn, Stína, Elísa og Fanney

- Engin fundargerð frá skólanum 29.apríl. Finnst ekki á heimasíðunni og ekkert email. Rætt við Bryndísi um hvað er gott að í skólann vegna símalaus skóla. Frístund að fara á svæði 1.bekkjjar. Nota svæðið þá fyrir fótboltaborð, þythokki, billiard. Meira eftirlit með spöðum og fylgihlutum, t.d. hjá Kristjönu. Fryst kaup og keypt í byrjun skólaárs 2024-2025.
- Kaupa spilastokka og yatsý, skipbo, uno, mikado - Sigurveig
- Útigrill sem gægt er að bolta niður. Valbjörn gæti kannski teiknað að eitthvað upp og Rósa ætlar að heyra í blikk og tækni.
- Ísferð fyrir allan skólann í leirunesti - María
- 10.bekkur á pening hjá for.félagi.
- Vorhátíð verður að hausthátíð, verið að skoða hvernig verður framkvæmt. Minna á árgangasíðu 10.bekkjjar - Fanney
- Kaupa grill fyrir skólann?
- Bolir/Peysur f. Naustaskóla. Þjóða 7.bekk að sjá um fjáröflun. Rósa skoðar þetta.
- Ekkert að fréttu hjá Samtaka.
- Aðalfundur for.fél. mögulega hjálp frá skólanum að trekkja að.

Fundi slitið 17:45

Góðan daginn Lilja.

Ég heyti Þorsteinn Jónasson og mig langar að segja þér eina litla sögu af samskiptum mínum við starfsmann þinn í þjónustuveri Póstsins.

Ég sem sagt pantaði mér vörur frá fótboltaliðinu mínu í Englandi um mánaðarmótin apríl/maí, vitandi að ég var að fara til útlanda 16.5

Ég pantaði frá þessum sama aðila á síðasta ári og var kominn með sendinguna eftir u.þ.b. 10-12 daga. Þegar hins vegar var kominn 14.5 og engin sending kominn fór ég að ókyrrast og fór til ykkar á Norðurtangann. Ræddi þar við ungan mann sem fletti sendingunni upp og sagði mér að ástæðan fyrir því að þetta væri svona lengi á leiðinni væri sennilega sú, að þetta kæmi frá

Svíþjóð!!!! Þaðan væri þetta sent til Englands og svo til Íslands. Enginn þarna greinilega heyrt af kolefnisspori og að senda beint til Íslands. Alla vega sagði þessi ungi maður að sendingin kæmi væntanlega til Akureyrar um þessa helgi og þá ætti ég að vera seif með að ekki yrðu lögð á geymslugjöld ef ég kæmi til Akureyrar 30.5 og gæti sótt sendinguna 31.5

Þegar ég er kominn til útlanda föstudaginn 17.5 fæ ég SMS frá póstinum um að ég eigi sendingu hjá Póstinum á Akureyri!!! Sendingin sem sagt fyrr á ferðinni heldur en starfsmaðurinn las af skjánum um staðsetningu hennar.

Svo gerist það viku seinna, sem sagt sl. föstudag að ég fæ annað SMS til að minna mig á sendinguna og að geymslugjald leggist á eftir 5 virka daga.

Þá ákvað ég að hringja og þegar svaraði það ég um samband við póstin á Akureyri.

"Þetta er á Akureyri" svaraði unga konan sem var á hinum endanum. Þetta er í kringum hádegi síðsta föstudag fyrir viku síðan.

Ég rek fyrir henni erindið og hún hefur greinilega "pikkað upp" nafnið mitt því hún spurði aldrei um sendingarnúmer, en var strax komin með þessa sendingu á skjáinn hjá sér. Hún sagði mér að geymslugjald muni ekki leggjast á sendinguna fyrr en 3. júní og ég sagði þá eitthvað í þá veru við hana að ég gæti þá haldið áfram að sofa rólegur í fríinu mínu og ætti jafnvel bara að fá mér einn bjór líka!!!

Þá segir þessi unga og glaðlega kona við mig, fáðu þér fyrir mig líka!!! Ég svara þá hvort ég eigi þá ekki frekar að fá mér kokteil. Hvort það sé ekki meira viðeigandi að skála við dömu í kokteil. Jú hún var alveg sammála mér með það, þannig að ég fór og fékk mér kokteil og lét taka mynd af mér skála við hana í koteilnum!!! 😊

Nú langar mig að biðja þig að finna út hver af ungu konunum sem voru að vinna í þjónustuverinum í kringum hádegið sl. föstudag talaði við mann sem ætlaði að skála við hana í kokteil og sýna henni að það var raunverulega skálað við hana í þakklætisskini fyrir skemmtilegt símtal.

Kveðja

Þorsteinn Jónasson

